



Borgarráð

Reykjavík, 4. nóvember 2025

MSS25100021

Styrktarsamningur Reykjavíkurborgar, mennta- og barnamálaráðuneytisins og Íþróttabandalags Reykjavíkur um aukningu á þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótt- og frístundastarfi í Efra-Breiðholti

Lagður er fram til kynningar styrktarsamningur Reykjavíkurborgar, mennta- og barnamálaráðuneytisins og Íþróttabandalags Reykjavíkur þar sem markmið verkefnis er að stuðla að inngildingu barna af erlendum uppruna í Efra-Breiðholti með því að auka þátttöku þeirra í íþrótt- og frístundastarfi og samhliða stuðla að jafnari kynjahlutföllum iðkenda í Efra-Breiðholti. Reykjavíkurborg veitir styrk að fjárhæð 4.000.000. sem kemur frá málaflokki menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar og aðkomu að stjórnun verkefnisins en menningar- og íþróttaráð samþykkti að taka þátt í verkefninu á fundi sínum þann 27. júní sl. Þá veitir ráðuneytið jafnframt fjármagn til verkefnisins.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Styrktarsamningur Reykjavíkurborgar, mennta- og barnamálaráðuneytisins og Íþróttabandalags Reykjavíkur um aukningu á þátttöku barna af erlendum uppruna í Efra-Breiðholti, dags. 4. október 2025.



Reykjavík

Styrktarsamningur

Mennta- og barnamálaráðuneytið kt. 460269-2969 hér eftir ráðuneytið, Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 hér eftir sameiginlega vísað til sem styrkveitenda, og Íþróttabandalag Reykjavíkur kt. 670169-1709 hér eftir styrkþegi, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið með samningnum og lýsing verkefnis


- 1.1. Meginmarkmið samnings þessa er að styðja við verkefni sem kynnt hefur verið af hálfu styrkþega undir heitinu Breiðholtsverkefnið. Markmið Breiðholtsverkefnisins er að stuðla að inngildingu barna af erlendum uppruna í Efra Breiðholti með því að auka þátttöku þeirra í íþrótt- og frístundastarfi og samhliða stuðla að jafnari kynjahlutföllum iðkenda í Efra Breiðholti.
- 1.2. Í þeim tilgangi að ná framangreindu markmiði er m.a. stefnt að því að fjölga framboði íþrótt- og frístundagreina í Efra-Breiðholti og skal þá horft til þess að fjölbreyttara framboð geti höfðað betur til barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.
- 1.3. Árangur og framgangur verkefnisins skal mældur út frá aukinni þátttöku barna af erlendum uppruna í Efra Breiðholti og er stefnt að þátttaka aukist um 17% á meðan verkefninu stendur.
- 1.4. Markmið samningsins af hálfu ráðuneytisins er að tryggja stefnu skv. kafla 29.40 í fjármálaáætlun. Þá er markmið samningsins af hálfu Reykjavíkurborgar að styðja við stefnu Reykjavíkurborgar í íþróttamálum og stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

2. Framlag og skyldur ráðuneytisins

- 2.1. Með samningi þessum veitir ráðuneytið styrkþega styrk að fjárhæð kr. 21.000.000 vegna þess verkefnis sem tilgreint er í 1. gr.
- 2.2. Styrkurinn kemur frá málaflokki 29.40, af fjárlagalið 02-999-121.
- 2.3. Styrkurinn verður greiddur til styrkþega í tveimur greiðslum inn á bankareikning 0336-26-00987 með eftirfarandi fyrirkomulagi: kr. 19.000.000 greiðast eftir undirritun samnings þessa og kr. 2.000.000 greiðast eftir skil skýrslu, sbr. 4.3. gr. samnings þessa, sbr. þó 4.4. gr.
- 2.4. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. og einnig reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar.
- 2.5. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 2.6. Tengiliður ráðuneytisins við styrkþega er Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneyti.

3. Framlag og skyldur Reykjavíkurborgar

- 3.1. Með samningi þessum veitir Reykjavíkurborg styrkþega styrk að fjárhæð kr. 4.000.000 vegna þess verkefnis sem tilgreint er í 1. gr.
- 3.2. Styrkurinn kemur frá málaflokki Menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar sem hefur jafnframt eftirlit með framkvæmd samningsins fyrir hönd Reykjavíkurborgar.
- 3.3. Styrkurinn verður greiddur til styrkþegar í eingreiðslu eftir undirritun samnings þessa.



- 3.4. Til viðbótar við framangreint fjárframlag leggur Reykjavíkurborg til framlag í formi aðstoðar starfsmanna á Suðurmiðstöð til verkefnisins og ber Reykjavíkurborg kostnað vegna vinnu starfsmanna sinna í tengslum við verkefnið.
- 3.5. Tengiliður Reykjavíkurborgar við styrkþega er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar.

4. Ábyrgð og skyldur styrkþega

- 4.1. Styrkþega er óheimilt að ráðstafa styrknum í annað en það verkefni sem tilgreint er í 1. gr. þessa samnings. Þá er styrkþega jafnframt óheimilt að afhenda og/eða framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins eða Reykjavíkurborgar, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- 4.2. Styrkþegi skal taka fram í kynningarefni þeirra verkefna sem samningur þessi tekur til að verkefnin séu styrkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg.
- 4.3. Styrkþegi skal eigi síðar en 60 dögum frá lokum samningstíma, skila mennta- og barnamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg fullnægjandi skýrslu um framvindu verkefnisins og reikningsskil í samræmi við 2. mgr. 42. gr. laga um opinber fjármál. Í skýrslu skal gerð grein fyrir framgangi og árangri verkefna ásamt sundurliðun á hvernig styrknum var ráðstafað. Skýrsluna skal senda á netfangið mrn@mrn.is og mir@reykjavik.is.
- 4.4. Lokagreiðsla skv. 2.3. gr. þessa samnings er háð því að styrkþegi hafi skilað fullnægjandi skýrslu skv. 3.3. gr. Hafi skýrslu ekki verið skilað innan 60 daga frá lokum samningstíma fellur lokagreiðsla niður. Jafnframt getur það haft áhrif á frekari styrkveitingar til styrkhafa vanræki hann skyldur sínar um skil skýrslu skv. 3.3. gr. þessa samnings.
- 4.5. Styrkþegi skal auk þess veita ráðuneytinu og Reykjavíkurborg upplýsingar sem kallað er eftir um það verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið eða Reykjavíkurborg óskar þess. Styrkþegi skal láta í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið, eins fljótt og auðið verður.
- 4.6. Styrkþegi tilkynnir ráðuneytinu og Reykjavíkurborg tafarlaust ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir styrkþegi frá úrræðum sem hann hyggst grípa til.

5. Vanefndir

- 5.1. Ráðuneytinu og Reykjavíkurborg er heimilt að rifta samningi þessum og endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu, og öðrum kostnaði sem kann að falla til, ásamt vöxtum skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, uppfylli styrkþegi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Að sama skapi getur það leitt til endurskoðunar á styrkfjárhæð og/eða skapað ráðuneytinu og/eða Reykjavíkurborg endurkröfurétt ef styrkþegi brýtur með athöfnum eða athafnaleysi gegn skilyrðum eða forsendum fyrir framlagi eða styrk í samningi þessum.
- 5.2. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 5.3. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.




6. Gildistími

6.1. Samningurinn gildir frá undirritunardegi til 31. maí, 2027.

Reykjavík, 4. október, 2025



Mennta- og barnamálaráðherra
Guðmundur Ingi Kristinsson



Borgarstjóri Reykjavíkur
Heiða Björg Hilmisdóttir



Formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur
Ingvar Sverrisson